



Reykjavík, 17. janúar 2020

## Niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Kviku banka hf.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunar-áhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum styðst Fjármálaeftirlitið við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum](#) sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárhlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættum sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur Fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Kviku banki hf. skilaði Fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárbörf miðað við 31. desember 2018, með svokallaðri ICAAP/ILAAP-skýrslu þann 1. apríl 2019. Fjármálaeftirlitið sendi bankanum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins 4. desember 2019 þar sem bankinn fékk tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankans bárust 20. desember 2019. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið könnunar- og matsferlinu og sendi Kviku banka hf. bréf um niðurstöður 30. desember 2019.

**Viðbótarkrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn Kviku banka hf. (Stoð II-R)**

Helsta niðurstaða könnunar- og matsferlisins var að Kvika banki hf. skyldi frá 31. desember 2019 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 7,1% af áhættugrunni. Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunar-áhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu sem ekki hefur verið tekið nægjanlegt tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Viðbótarkrafan skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 4,0% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 5,3% af áhættugrunni.<sup>1</sup>

Viðbótareiginfjáarkrafa Fjármálaeftirlitsins kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og eiginfjárukum:

- Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (stoð I) nemur 8% af áhættugrunni. Af kröfunni skal almennt eigið fé þáttar 1 nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.<sup>2</sup>
- Samanlögð krafa um eiginfjárukum nemur 6,25% af áhættugrunni og skal henni vera að fullu mætt með almennu eigin fé þáttar 1. Samanlögð krafa um eiginfjárukum tekur mið af samsetningu innlendra og erlendra áhættuveginna eigna, sem er ólík á milli banka. Miðað við hækkun kerfisáhættuauka þann 1. janúar 2020 í 3% og sveiflujöfnunarauka hinn 1. febrúar 2020 um 0,25 prósentustig verður hin samanlagða krafa um eiginfjárukum að óbreyttu 7,50%. Mælist Fjármálaeftirlitið til þess að bankinn viðhaldi áfram eigin fé í samræmi við fyrirhugaða hækkun sveiflujöfnunaraukans.<sup>3</sup>

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Kviku banka hf., á móðurfélags- og samstæðugrunni, nemur því 21,4% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn og eiginfjárukum.

Fjármálaeftirlitið hefur komið því á framfæri við Kviku banka hf. að við mat á eiginfjárþörf verði að líta til atvika sem mögulega geta komið til síðar. Þannig þarf stjórn bankans að horfa til þess að bankinn geti viðhaldið eðlilegri lánastarfsemi, líka í niðursveiflu, og að fjármögnun bankans sé þannig háttáð að hún styðji við aðgang bankans að fjármálamörkuðum við erfiðar markaðsaðstæður.

---

1 Sbr. a-lið 4. mgr. og 7. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2 Sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

3 Sjá einnig ákvarðanir um eiginfjárukum á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins:

<https://www.sedlabanki.is/fjarmalastodugleiki/thjodhagsvarud/eiginfjaraukar/>



### ***Athugasemdir og úrbótakröfur***

Fjármálaeftirlitið kom eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Kviku banka hf. í könnunar- og matsferlinu og fór fram á viðeigandi úrbætur.

- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Kvika banki hf. hefði ekki skjalfest stjórnskipulag sem hæfði innviðum og uppbyggingu samstæðu bankans og fór fram á að stjórn setti sér áhættustefnu og stefnu um innri stjórnarhætti á samstæðugrunni.
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að stjórn Kviku banka hf. hefði ekki sett stefnu og innleitt skjalfest verklag um eftirlit með hlítingaráhættu með fullnægjandi hætti.
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Kvika banki hf. hefði ekki framkvæmt sérstakt álagspróf sem eingöngu sneri að lausafjár- og fjármögnunaráhættu.
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að Kvika banki hf. hefði ekki sett sér innri viðmið fyrir lausafjárhlutfall í íslenskum krónum.
- Fjármálaeftirlitið ítrekaði athugasemd frá SREP-skýrslu 2017 um meðhöndlun frávikatilkynninga sem varða rekstur upplýsingakerfa bankans. Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn endurskoðaði viðmið sín um frávikatilkynningar.
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við útvistunarreglur bankans, þar á meðal að stefnu bankans á þessu sviði yrði lýst betur í reglunum.
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við hvernig bankinn stýrði og hefði eftirlit með upplýsingatæknirekstri sem hann útvistar.